

**7. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 3. desember 2012 í Flúðaskóla.  
20. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Eva Marín Hlynisdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri og Gunnar Jóhannesson boðuðu forföll. Alma Jenný Sigurðardóttir, fulltrúi kennara og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi mættu ekki til fundarins.

**Dagskrá.**

- 1. Skólanámsskrá 2012-2013, námshluti.**
- 2. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

**1. Skólanámsskrá 2012-2013, námshluti.**

Skólanámsskrá, námshluti lagður fram. Fræðslunefnd samþykkir skólanámsskrána.

**2. Önnur mál.**

**a) Starfsmannamál.**

Umsjónakennari 1. og 2. bekkjar hefur sótt um stöðu leikskólastjóra Undralands frá og með 1. janúar 2013. Staðan umsjónakennara verður því auglýst sem fyrst.

Skólastjóri skýrði einnig frá því að matráður í mötuneyti skólans mun fara í veikindaleyfi frá og með 1. janúar n.k. í 8 mánuði, skv. vottorði. Staðan verður því einnig auglýst laus til umsóknar.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.40.